

Tónleikar
í
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Auður Gunnarsdóttir
sópran
og
Ingibjörg Þorsteinsdóttir
píanó

Kaffistofa safnsins er opin að tónleikunum loknum

Fimmtudaginn 1. og 3. ágúst 1995 kl. 20:30

Auður Gunnarsdóttir stundaði nám í Söngskólanum í Reykjavík og útskrifaðist þaðan árið 1991. Kennari hennar var Ólöf Kolbrún Harðardóttir. Árið 1993 innritaðist hún í Ljóða- og óperudeild tónlistarháskólans í Stuttgart og mun ljúka námi þaðan næsta sumar. Kennarar hennar þar eru prófessor Luisa Bosabalian og France Simard. Auður hefur tekið þátt í fjölmörgum uppfærslum skólans og meðal annars sungið hlutverk Donnu Elviru í óperunni *Don Giovanni* eftir Mozart, Marie í *Seldu brúðinni* eftir Smetana og hlutverk Evridísar og Amors í *Orfeus og Evridís* eftir Gluck. Einnig hefur hún komið fram sem einsöngvari við ýmis tækifæri og haldið ljóða-tónleika í Þýskalandi. Framundan eru hlutverk Micaelu í *Carmen* og verkefni með Fílharmóníuhljómsveitinni í Stuttgart.

Auður hefur hlotið styrki úr söngvarasjóði Félags íslenskra leikara og úr listasjóði Richard Wagner Stipendien Stiftung Bayreuth.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir píanóleikari stundaði nám við Tónlistarskólann í Reykjavík hjá Halldóri Haraldssyni og Rögnvaldi Sigurjónssyni. Að loknu kennaraprófi var hún nokkur ár í Guildhall School of Music and Drama í London hjá Mary Peppin og lauk þaðan einleikaraprófi (LGSM) árið 1981. Síðan hefur hún verið tónlistarkennari, lengst af í Borgarnesi. Hún hefur einnig starfað sem kórstjóri, komið fram sem píanóleikari með einsöngvurum, kórum og hljóðfæraleikurum, auk þess að halda píanótónleika. Ingibjörg býr og starfar nú í Stykkishólmi.

Efnisskrá

Joseph Haydn (1732 - 1809)	O tuneful voice She never told her love Piercing eyes	<i>Anne Hunter</i> <i>Shakespeare</i>
Johannes Brahms (1833 - 1897)	Vergebliche Ständchen Das Mädchen spricht Von ewiger Liebe Dein blaues Auge O wüsst'ich doch den Weg zurück	<i>Þjóðvísa frá Rínarlöndum</i> <i>Otto F. Gruppe</i> <i>Josef Wentzig</i> <i>Klaus Groth</i> <i>Klaus Groth</i>
Alban Berg (1885 - 1935)	Úr lagaflokknum <i>Sieben frühe Lieder</i> Nacht Die Nachtigall Im Zimmer	<i>Carl Hauptmann</i> <i>Theodor Storm</i> <i>Johannes Schlaf</i>
Richard Strauß (1864 - 1949)	All mein Gedanken Du meines Herzens Krönelein Ach Lieb, ich muss nun scheiden	<i>Felix Dahn</i> <i>Felix Dahn</i> <i>Felix Dahn</i>
Jórunn Viðar (f. 1918)	Gestaboð um nótt Unglingurinn í skóginum	<i>Einar Bragi</i> <i>Halldór Laxness</i>
Sigfús Einarsson (1877 - 1939)	Draumalandið Gígjan	<i>Guðmundur Magnússon</i> <i>Benedikt Gröndal</i>
Sigvaldi Kaldalóns (1881 - 1946)	Betlikerlingin Ég lít í anda liðna tíð Leitin	<i>Gestur Pálsson</i> <i>Halla Eyjólfsdóttir</i> <i>Halla Eyjólfsdóttir</i>